

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 68/2009****2009/EES/47/14****frá 29. maí 2009****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2009 frá 24. apríl 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 ⁽²⁾ ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C (2008) 4333 lokaútgáfa frá 08/VIII/2008 um viðbótarráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 820/2008) í XIII. viðauka við samninginn:

„66ia. **C (2008) 4333 lokaútgáfa**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C (2008) 4333 lokaútgáfa frá 08/VIII/2008 um viðbótarráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. maí 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2009 frá 29. maí 2009, hvort sem ber upp síðar.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. maí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 277, 26.8.2004, bls. 175, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 26.8.2004, bls. 159.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.